

Rannsóknir á seiðastofnum Sæmundarár árið 2009

Karl Bjarnason og Bjarni Jónsson



Veiðimálastofnun

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf



Forsíðumynd: Sæmundará, við Varmaland, rétt ofan rafveiðistaðar 11.


Myndataka: Eik Elfarsdóttir

VMST/10010

Rannsóknir á seiðastofnum Sæmundarár árið 2009

Karl Bjarnason og Bjarni Jónsson

Mars 2010



Veiðimálastofnun

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Inngangur og aðferðir

Rannsóknir á seiðastofnum Sæmundarár og Skarðsár fóru fram með rafveiðum 31. ágúst og 2. september 2009. Með þessum árlegu rannsóknum hafa safnast mikilvægar upplýsingar um sveiflur í ástandi fiskistofna árinna og um styrkleika seiðaárganganna sem í ánni eru á hverjum tíma. Athyglisvert hefur verið að fylgjast með því hvernig laxastofnar árinna hafa verið að byggjast markvisst upp undanfarinn áratug eftir að hafa áður verið orðnir mjög illa staddir. Þær rannsóknir sem framkvæmdar hafa verið í Sæmundará hafa haft nokkuð forspárgildi um stærð laxagangna síðustu árin. Til þess að samanburður milli ára sé marktækur er nauðsynlegt að rannsóknirnar fari fram á svipaðan hátt frá ári til árs. Þannig er ávallt rafveitt á sömu stöðum. Þessir rafveiðistaðir eru valdir með það markmið í huga að vera einkennandi fyrir einstaka árkafla til þess að fá sem heildstæðasta mynd af seiðabúskap árinna. Farin er ein yfirferð með rafveiðitækin á hverjum stað. Veitt er á átta stöðum í Sæmundará og einum stað í Skarðsá. Stærð veiðisvæðanna á hverjum rafveiðistað var á bilinu 125 - 250 m².

Þéttleiki seiða var reiknaður út frá fjölda þeirra í hverjum árgangi á hverjum veiðistað þar sem stærð veiðisvæðis er þekkt. Þar sem aðeins er veidd ein yfirferð og ekki veiðast öll seiði á svæðinu gefur þetta seiðavísitölu, þ.e. fjölda seiða á hverja 100 m², en ekki heildarfjölda veiddra seiða: $\text{þéttleiki} = (\text{fjöldi seiða} / \text{stærð veiðisvæðis } m^2) * 100m^2$ (tölur 1–3).

Öll seiði sem veiddust voru lengdarmæld og vigtuð áður en þeim var sleppt í ána aftur. Meðallengd og -þyngd allra laxaseiða var reiknuð ásamt ástandsstuðlum fyrir hvern árgang á hverjum stað (tölur 4-6). Sömu útreikningar voru gerðir á bleikju- og urriðaseiðum fyrir hvern árgang í ánum í heild (tölur 7-9). Ástandsstuðull er reiknaður út frá lengd og þyngd hvers seiðis og segir til um holdafar þess: $\text{ástandsstuðull} = (\text{þyngd}(gr) / \text{lengd}^3(cm)) * 100$.

Einnig var reiknuð út vísitala lífþyngdar allra árganga laxaseiða á hverjum stað út frá meðalþyngd hvers árgangs á hverjum veiðistað og þéttleika sama árgangs á sama stað. Vísitala lífþyngdar bleikju- og urriðaseiða var reiknuð fyrir ána í heild: $lífþyngd \text{ á } 100 m^2 = \text{meðalþyngd}(gr) * \text{þéttleiki á } 100 m^2$ (tölur 10 og 11).

Gögn um heildarþéttleika allra árganga laxa-, bleikju- og urriðaseiða í Sæmundará eftir árum frá 2001-2009 voru tekin saman. Tvær mismunandi aðferðir eru notaðar við útreikningana:

Aðferð A: Allir staðir vega jafnt óháð stærð þeirra, þéttleiki seiða er reiknaður á hverri stöð fyrir sig og síðan tekið meðaltal stöðvanna fyrir hvert ár: $\text{þéttleiki árinna} = \text{þéttleiki hvernar stöðvar fyrir hvert ár lagður saman} / \text{fjöldi stöðva}$ (tölur 12-14).

Aðferð B: Þéttleiki seiða reiknaður fyrir ána í heild fyrir hvert ár: $\text{þéttleiki árinna} = (\text{heildarfjöldi veiddra seiða í ánni} / \text{heildarflatarmál veiðisvæðis } m^2) * 100 m^2$ (tölur 15-17). Í túlkun og umræðum um þéttleika seiða í Sæmundará eftir árum er stuðst við útreikninga samkvæmt aðferð A. Aðferð B er aðeins gefin til viðmiðunar.

Einnig voru tekin saman gögn um meðallengd, meðalþyngd, meðalástandsstuðla og lífþyngd allra árganga laxa-, bleikju- og urriðaseiða í Sæmundará í heild árin 2001 – 2009 (tölur 18-29).

Veiðin 2009

Alls veiddust 157 laxar í Sæmundará sumarið 2009 (tafla 30), sem er önnur mesta veiði sem skráð hefur verið frá 1978. Af kyngreindum löxum var sami fjöldi af hængum og hrygnum eða 61 af hvoru kyni (tafla 31). Kyngreiningu vantaði á 35 fiska og var engum þeirra sleppt, en 5 hængum og 9 hrygnum var sleppt (tafla 31). Hlutfall stórlaxa í veiði, þ.e. laxa sem hafa verið tvö ár eða fleiri í sjó, var 17 laxar á móti 125 smálöxum, þ.e. laxa sem aðeins hafa verið eitt ár í sjó. Upplýsingar um stærð vantaði þó á 15 laxa (tafla 32). Algengasta þyngd á veiddum löxum var 2,0 – 2,5 kg og þyngstu laxarnir voru 8,0 og 8,5 kg hængar (myndir 5 og 6). Veiðin dreifðist nokkuð jafnt frá miðjum júlí og fram eftir ágústmánuði með bestu veiðivíkuna 5. – 11. ágúst (mynd 7).

Alls veiddust 123 bleikjur sumarið 2009, sem er mun minna en árið áður (tafla 30) og voru þær flestar 0,5 – 1,0 kg (mynd 5). Mest veiddist af bleikju fyrir og um miðjan ágúst (mynd 7). Fjöldi urriða sem veiddust voru 122 og eins og á síðasta ári talsvert fleiri en árin þar á undan (tafla 30). Þyngsti urriðinn vóg 4,5 kg og nokkrir 2,5 – 3,5 kg en flestir voru 1,0 – 1,5 kg (mynd 5). Langbesta veiðivikan var 5. – 11. ágúst, en að öðru leyti dreifðist veiðin nokkuð jafnt á veiðitímabilið nema vikuna 22. – 28. júlí þegar enginn urriði veiddist (mynd 7).

Niðurstöður rafveiða

Efsti rafveiðistaðurinn í Sæmundará er talsvert ofan við Fjallsfoss (staður 4, mynd 1). Aðeins tvö laxaseiði veiddust og voru þau tveggja ára (tafla 1, mynd 2a). Eitt ársgamalt bleikjuseiði fannst (tafla 2, mynd 3a). Vorgömul urriðaseiði reyndust vera í talsverðum þéttleika og vart varð við eins árs seiði (tafla 3, mynd 4a).

Skammt neðan við Fjallsfoss er rafveiðistaður 5 (mynd 1). Árgömul og tveggja ára laxaseiði reyndust vera í miklum þéttleika en ekki varð vart við vorgömul seiði (tafla 1, mynd 2a). Ekkert bleikjuseiði veiddist (tafla 2) en þéttleiki vorgamalla urriðaseiða var mikill á þessum stað og sá mesti í rannsókninni, dálítið fannst einnig af árgömlum seiðum (tafla 3, mynd 4a).

Á rafveiðistað 6 (mynd 1) sem er talsvert ofan við ármót Sæmundarár og Skarðsár, veiddust þrjú árgangar af laxaseiðum. Þrátt fyrir að þéttleiki vorgömlu seiðanna væri ekki mikill var hann samt sá mesti í rannsókninni. Árgömul seiði voru einnig í nokkru magni og lítilsháttar fannst af tveggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2a). Engin bleikjuseiði fundust (tafla 2) en vorgömul urriðaseiði voru í miklum þéttleika og vart varð við tveggja ára seiði (tafla 3, mynd 4a).

Rafveitt var skammt neðan við ármót Sæmundarár og Skarðsár (staður 7, mynd 1). Þéttleiki eins árs laxaseiða var mjög mikill, einnig var þéttleiki tveggja ára seiða mikill og sá mesti í rannsóknarveiðum þetta árið á meðan aðeins tvö vorgömul seiði veiddust (tafla 1, mynd 2a). Vorgömul bleikjuseiði veiddust í nokkru magni og því

mesta í rannsókninni eins og oftast áður (tafla 2, mynd 3a). Þá voru vorgömul urriðaseiði í talsvert góðum þéttleika og aðeins fékkst af eins árs seiðum (tafla 3, mynd 4a).

Á móts við Auðnir er rafveitt (staður 9, mynd 1). Þar fannst aðeins lítilsháttar af vorgömlum laxaseiðum, en þéttleiki árgamalla seiða var talsvert mikill og tveggja ára seiði voru einnig í nokkru magni (tafla 1, mynd 2b). Vorgömul bleikjuseiði fundust en í litlum mæli (tafla 2, mynd 3a). Þéttleiki vorgamalla urriðaseiða var nokkur og vart varð við eins árs seiði (tafla 3, mynd 4b).

Við Varmaland er rafveiðistaður 11 (mynd 1). Vorgömul laxaseiði reyndust vera þar í nokkrum þéttleika og eins árs seiðin í miklum þéttleika og þeim mesta í Sæmundará að þessu sinni. Þá var einnig nokkurt magn tveggja ára seiða (tafla 1, mynd 2b). Eitt vorgamalt bleikjuseiði fannst (tafla 2, mynd 3a) og þrír yngstu árgangar af urriðaseiðum veiddust og var þéttleiki árgömlu seiðanna sá mesti í rannsókninni en minna var af vorgömlum og tveggja ára seiðum (tafla 3, mynd 4b).

Rafveitt er í ánni á móts við Félagsheimilið Melsgil (staður 13, mynd 1). Nokkuð var af eins árs laxaseiðum, en mun minna af vorgömlum og tveggja ára seiðum. Eitt fjögurra ára laxaseiði veiddist og var það eina seiðið eldra en tveggja ára sem vart varð við í rannsókninni (tafla 1, mynd 2b). Nokkur vorgömul bleikjuseiði veiddust (tafla 2, mynd 3b) og þrír árgangar af urriðaseiðum þar sem vorgömul og eins árs seiði voru í nokkru magni og lítilsháttar fannst af tveggja ára seiðum (tafla 3, mynd 4b).

Niður af Ögmundarstöðum er neðsti rafveiðistaðurinn í Sæmundará (staður 14, mynd 1). Þar veiddust tveir yngstu árgangarnir af laxaseiðum, en í mjög litlum mæli (tafla 1, mynd 2b). Eitt vorgamalt bleikjuseiði fannst (tafla 2, mynd 3b) og þrír yngstu árgangar af urriðaseiðum veiddust en í mjög litlu magni (tafla 3, mynd 4b). Á þessum rafveiðistað veiddust að þessu sinni 10 hornsíli.

Rafveiðistaðurinn í Skarðsá er skammt ofan girðingar við vað á ánni (mynd 1). Eins og áður var þéttleiki eins og tveggja ára laxaseiða mjög mikill og meiri en á öðrum rafveiðistöðum í rannsókninni. Ekki varð vart við vorgömul seiði (tafla 1, mynd 2b).

Engin bleikjuseiði veiddust á þessum stað (tafla 2), en dálítið veiddist af þremur yngstu árgöngunum af urriðaseiðum (tafla 3, mynd 4b).

Niðurstöður rafveiða í Sæmundará og Skarðsá haustið 2009 sýna meiri þéttleika eins og tveggja ára laxaseiða en mælst hefur í rannsóknum fyrri ára (töflur 1, 12 og 15). Hins vegar hefur þéttleiki vorgamalla seiða minnkað verulega frá tveim síðustu árum. Vorgömul bleikjuseiði veiddust á þrem neðstu rafveiðistöðum Sæmundará og eins árs seiði veiddist á efsta staðnum. Þéttleiki bleikjuseiðanna í ánni í heild er heldur lægri en að jafnaði undanfarin ár (töflur 2, 13 og 16). Þéttleiki urriðaseiða sýnir nú þriðja árið í röð mun sterkari stöðu stofnsins en verið hafði árin þar á undan (töflur 3, 14 og 17). Seiðin eru vel dreifð um alla Sæmundará og Skarðsá og reyndist þéttleiki vorgömlu seiðanna mestur á stað 5 og eins árs seiðanna á stað 11. Tveggja ára seiði veiddust á fjórum stöðum í Sæmundará og á rafveiðistaðnum í Skarðsá.

Laxaseiðin hafa dafnað ágætlega og er lengd og þyngd vorgömlu seiðanna aðeins yfir meðaltali síðustu ára og eins og tveggja ára seiðin nálægt meðaltali (töflur 4, 5, 18 og 19). Ástand þeirra eða holdafar er yfir viðmiðunarmörkum, þótt ástandsstuðullinn sé aðeins lægri en undanfarin ár (töflur 6 og 20). Lengd og þyngd vorgömlu bleikjuseiðanna er í góðu meðallagi en holdafar þeirra aðeins neðan við meðaltal síðustu ára þótt ástandsstuðullinn sé yfir viðmiðunarmörkum (töflur 7, 8, 9, 21, 22 og 23). Vöxtur urriðaseiðanna á árinu hefur verið ágætur og eru árgangarnir svipaðir í lengd, þyngd og holdafari og jafnaldrar þeirra undanfarin ár (töflur 7, 8, 9, 24, 25 og 26).

Vísitala lífþyngdar laxaseiða, sem er margfeldi af þéttleika og meðalþyngd hvers árgangs mælist nú talsvert hærrí í Sæmundará og Skarðsá en áður hefur gerst (töflur 10 og 27). Mikill þéttleiki eins og tveggja ára seiða hefur þarna mest áhrif. Lífþyngd vorgamalla seiða er mun lægri en oftast áður enda mælist þéttleiki þeirra í lægri kantinum. Af einstökum rafveiðistöðum er lífþyngdin hæst í Skarðsá. Lífþyngd bleikjuseiða er í lægra lagi miðað við undanfarin ár en sá munur er þó innan skekkjumarka (töflur 11 og 28). Lífþyngd urriðaseiða er svipuð og á síðasta ári og er vel fyrir ofan meðaltal síðustu ára (töflur 11 og 29).

Umræða

Samkvæmt rannsóknnum á seiðastofnum Sæmundarár og Skarðsár haustið 2009 eru árgangar eins og tveggja ára laxaseiðanna einstaklega sterkir og þéttleiki þeirra beggja meiri en verið hefur um langt skeið. Hins vegar mælist þéttleiki vorgamalla seiða mun minni en síðustu tvö ár. Ekki er þó ástæða til að hafa áhyggjur af þessum þéttleika laxaseiða á fyrsta ári samkvæmt rannsóknunum þar sem ýmsar ástæður geta valdið því að þau veiðist ekki í rafveiðum þótt þau séu í ánum. Auk þess veiddust þau á öllum rafveiðistöðunum í Sæmundará nema tveimur efstu, sem sýnir að þau eru nokkuð vel dreifð um ána þó þéttleikinn hafi ekki reynst mikill. Í rafveiðum næsta árs kemur í ljós hvort hér sé um breytingu að ræða í seiðabúskapnum eða hvort vorgömul laxaseiði séu í ánni í meira mæli án þess að hafa veiðst á fyrsta ári eins og gerðist reyndar 2006. Sterkir árgangar eins og tveggja ára laxaseiða geta einnig átt sinn þátt í að minna er að finna af vorgömlum seiðum úr hrygningu haustið 2008.

Göngur til sjávar vorin 2008 og 2009 hafa líklega verið áþekkar og talsvert öflugri en 2007. Reikna má með að mestallur tveggja ára árgangurinn 2009 gangi til sjávar vorið 2010 sem er mjög sterkur og ef laxaseiðin sem nú eru árgömul halda áfram að komast vel af milli ára verður gönguseiðastofninn vorið 2011 enn sterkari og sá sterkasti um langt árabíl. Laxaseiði í Sæmundará dafna yfirleitt mjög vel og ganga langflest til sjávar þriggja ára. Þrátt fyrir verulega aukningu í seiðabúskap árinna er lengd og þyngd seiðaárganganna mjög svipuð frá ári til árs ef frá er talið árið 2006 og sama gildir um ástand þeirra. Það er því ekkert sem bendir til breytinga á aldri gönguseiðanna úr Sæmundará.

Bleikjustofnar Sæmundarár hafa verið í nokkru jafnvægi undanfarin ár samkvæmt seiðarannsóknunum og ekki er sjáanleg breyting á því samkvæmt niðurstöðum rannsóknaveiða haustið 2009, þrátt fyrir að þéttleiki seiðanna sé reyndar heldur minni en oftast á síðustu árum. Árið 2007 jókst þéttleiki vorgamalla urriðaseiða verulega og hefur sá þéttleiki haldist áþekkur síðan.

Alls veiddust 157 laxar sumarið 2009, sem er næst mesta skráða veiði frá sumrinu 1978 og ef horft er á veiðitölur fyrri ára kemur í ljós að fimm síðustu veiðisumur hafa verið mun gjöfulli en mörg ár þar á undan. Það er því ljóst að Sæmundará hefur náð

sér mjög vel upp aftur og með jafn sterkum seiðabúskap og rannsóknir benda til má vænta áframhaldandi góðrar laxveiði næstu ár. Bleikjuveiði sumarið 2009 er talsvert minni en flest síðustu ár, eða 123 bleikjur. Bleikjuveiðitölur sveiflast mjög mikið eftir árum og frá árinu 2001 var minnsta veiðin 52 bleikjur árið 2005 en sú mesta var 2002 þegar 646 bleikjur veiddust. Urriðaveiði er hins vegar að aukast og veiddust nú 122 urriðar, sem er annað árið í röð með veiði vel yfir 100 urriða.

Neikvætt samband hefur á undanförunum árum verið á milli fjölda laxaseiða og bleikjuseiða í Sæmundará. Þegar lítið hefur verið af laxaseiðum hefur verið mikið af bleikjuseiðum og öfugt. Bleikjan virðist að einhverju marki víkja fyrir laxinum þegar laxastofnar árinna hafa tækifæri til að dafna. Urriðastofnar á vatnasvæði Héraðsvatna hafa verið í mikilli sókn undanfarin ár og sér þess merki í Sæmundará. Flest bendir til þess að urriðastofnar á svæðinu haldi áfram að styrkjast næstu árin. Bleikjan hefur hinsvegar heldur hogað í bili.

Miðað við stærð eldri árganga laxaseiða í Sæmundará, eins- og tveggja ára seiða, má vænta mjög stórra gönguseiðaárganga og jafnvel þeirra stærstu sem sést hafa á seinni árum. Von er á mjög sterkum gönguseiðaárgangi úr ánni vorið 2010 en toppnum verður væntanlega náð vorið 2011 ef fram fer sem horfir. Þær seiðagöngur skila sér sem smálax ári síðar og stórlax tveimur árum síðar. Útlitið fyrir laxagöngur í ána er því einstaklega gott fyrir árin 2011 og 2012. Gönguseiðin sem munu standa undir smálaxaveiði sumarsins 2010 voru nokkuð færri en þau sem komu til baka 2009 en þó yfir meðaltali undangenginna ára, skili þau sér vel úr hafi má vænta ágætrar veiði sumarið 2010.

Tafla 1: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Sæmundará og Skarðsá haustið 2009.

Staður	Stærð svæðis (m ²)	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
4	247			0,81		
5	150		17,33	7,33		
6	140	6,43	7,86	2,14		
7	198	1,01	20,20	10,10		
9	250	0,80	14,80	5,20		
11	198	6,06	27,78	4,55		
13	208	0,96	7,21	1,92		0,48
14	186	0,54	1,08			
Skarðsá	125		41,60	12,00		

Tafla 2: Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Sæmundará og Skarðsá haustið 2009.

Staður	Stærð svæðis (m)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
4	247		0,40		
5	150				
6	140				
7	198	5,56			
9	250	0,80			
11	198	0,51			
13	208	2,40			
14	186	0,54			
Skarðsá	125				

Tafla 3: Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Sæmundará og Skarðsá haustið 2009.

Staður	Stærð svæðis (m)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
4	247	14,17	0,40		
5	150	40,00	2,00		
6	140	31,43		0,71	
7	198	14,65	1,52		
9	250	6,80	0,80		
11	198	4,55	8,59	1,52	
13	208	10,58	4,81	0,96	
14	186	1,08	0,54	0,54	
Skarðsá	125	4,80	2,40	1,60	

Tafla 4: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Sæmundará og Skarðsá í rafveiðum 2009.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal-lengd (cm)	Staðal-frávik	Fjöldi seiða	Meðal-lengd (cm)	Staðal-frávik	Fjöldi seiða	Meðal-lengd (cm)	Staðal-frávik	Fjöldi seiða	Meðal-lengd (cm)	Staðal-frávik	Fjöldi seiða	Meðal-lengd (cm)	Staðal-frávik	Fjöldi seiða
4							13,40	0,57	2						
5				7,80	0,57	26	11,16	0,52	11						
6	4,42	0,45	9	7,48	0,58	11	10,90	0,66	3						
7	4,45	0,21	2	7,34	0,58	40	10,62	0,62	20						
9	4,25	0,21	2	7,25	0,62	37	11,08	0,74	13						
11	4,88	0,31	12	7,91	0,71	55	11,80	0,85	9						
13	4,80	0,14	2	8,01	0,77	15	9,85	0,25	4				16,80		1
14	4,20		1	8,30	0,85	2									
Skarðsá				7,45	0,67	52	10,97	0,62	15						
Samt.	4,63	0,41	28	7,59	0,70	238	11,02	0,85	77				16,80		1

Tafla 5: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Sæmundará og Skarðsá í rafveiðum 2009.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal-þyngd (g)	Staðal-frávik	Fjöldi seiða	Meðal-þyngd (g)	Staðal-frávik	Fjöldi seiða	Meðal-þyngd (g)	Staðal-frávik	Fjöldi seiða	Meðal-þyngd (g)	Staðal-frávik	Fjöldi seiða	Meðal-þyngd (g)	Staðal-frávik	Fjöldi seiða
4							26,45	2,76	2						
5				4,75	1,02	26	14,59	2,77	11						
6	0,90	0,22	9	4,27	0,84	11	15,13	2,96	3						
7	0,95	0,07	2	4,05	0,98	40	12,66	2,34	20						
9	0,85	0,21	2	3,86	1,00	37	15,52	2,50	13						
11	1,17	0,25	12	5,31	1,47	55	18,31	4,22	9						
13	1,30	0,14	2	5,58	1,56	15	10,18	0,75	4				47,40		1
14	0,80		1	5,80	1,70	2									
Skarðsá				4,33	1,21	52	13,89	2,50	15						
Samt.	1,04	0,26	28	4,57	1,33	238	14,64	3,79	77				47,40		1

Tafla 6: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir laxaseiði sem veiddust í Sæmundará og Skarðsá 2009 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal-ástands-stuðull	Staðal-frávik	Fjöldi seiða	Meðal-ástands-stuðull	Staðal-frávik	Fjöldi seiða	Meðal-ástands-stuðull	Staðal-frávik	Fjöldi seiða	Meðal-ástands-stuðull	Staðal-frávik	Fjöldi seiða	Meðal-ástands-stuðull	Staðal-frávik	Fjöldi seiða
4							1,10	0,02	2						
5				0,99	0,07	26	1,04	0,07	11						
6	1,03	0,13	9	1,01	0,08	11	1,16	0,04	3						
7	1,09	0,24	2	1,01	0,06	40	1,05	0,08	20						
9	1,09	0,11	2	0,99	0,08	37	1,14	0,15	13						
11	1,00	0,12	12	1,05	0,04	55	1,10	0,10	9						
13	1,17	0,02	2	1,06	0,05	15	1,07	0,10	4				1,00		1
14	1,08		1	1,00	0,01	2									
Skarðsá				1,02	0,06	52	1,04	0,05	15						
Samt.	1,04	0,13	28	1,02	0,06	238	1,07	0,10	77				1,00		1

Tafla 7: Meðallengd og staðalfrávik urriða- og bleikjuseiða sem veiddust í Sæmundará og Skarðsá 2009 eftir aldri seiðanna.

	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Bleikja	5,14	0,49	20	10,70		1						
Urriði	4,81	0,55	225	9,18	0,68	40	10,74	0,38	9			

Tafla 8: Meðalþyngd og staðalfrávik urriða- og bleikjuseiða sem veiddust í Sæmundará og Skarðsá 2009 eftir aldri seiðanna.

	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Bleikja	1,25	0,33	20	11,20		1						
Urriði	1,30	0,46	225	8,90	1,86	40	13,88	1,31	9			

Tafla 9: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir urriða- og bleikjuseiði sem veiddust í Sæmundará og Skarðsá haustið 2009 eftir aldri seiðanna.

	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Bleikja	0,90	0,07	20	0,91		1						
Urriði	1,12	0,11	225	1,13	0,06	40	1,12	0,07	9			

Tafla 10: Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
4			21,4			21,4
5		82,3	107,0			189,3
6	5,8	33,6	32,4			71,8
7	1,0	81,7	127,8			210,5
9	0,7	57,2	80,7			138,5
11	7,1	147,6	83,2			237,9
13	1,3	40,2	19,6		22,8	83,8
14	0,4	6,2	0,0			6,7
Skarðsá		180,0	166,6			346,6

Tafla 11: Vísitala lífþyngdar (gr) bleikju- og urriðaseiða á hverjum 100m² eftir aldri í Sæmundará og Skarðsá. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Tegund	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)				Samtals
	0+	1+	2+	3+	
Bleikja	1,4	0,5			1,9
Urriði	17,9	20,8	5,9		44,6

Tafla 12: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Sæmundará 2001-2009. Aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	1+ss	2+ss
2001	10	7088	0,03	0,75	0,24	0,33	0,01		
2002	10	4948	1,80	1,42	0,32	0,91		0,04	
2003	10	4238	6,08	5,48	0,70	0,13		0,29	0,07
2004	8	3140	3,80	3,34	2,44	0,58			
2005	8	3480	3,23	2,77	0,85	0,06			
2006	8	2910	0,83	5,80	0,84				
2007	8	1891	14,45	6,03	3,38				
2008	8	1291	23,99	9,30	1,19	0,08			
2009	8	1577	1,97	12,03	4,01		0,06		

Tafla 13: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Sæmundará 2001-2009. Aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+
2001	10	7088	2,31	0,04	0,11	0,05
2002	10	4948	3,07	0,11	0,08	0,04
2003	10	4238	1,11	0,05	0,04	
2004	8	3140	1,44			
2005	8	3480	1,72	0,02		
2006	8	2910	2,13			
2007	8	1891	1,58		0,10	
2008	8	1291	2,80	0,18		
2009	8	1577	1,23	0,05		

Tafla 14: Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Sæmundará 2001-2009. Aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+
2001	10	7088	1,07	0,87	0,07	0,04
2002	10	4948	1,19	1,26	0,17	0,05
2003	10	4238	5,99	1,43	0,58	0,06
2004	8	3140	1,35	0,31	1,24	0,28
2005	8	3480	9,31	0,95	0,40	0,03
2006	8	2910	5,73	2,51	0,27	0,06
2007	8	1891	21,74	3,47	0,53	0,10
2008	8	1291	19,13	1,69	0,14	
2009	8	1577	15,41	2,33	0,47	

Tafla 15: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Sæmundará 2001-2009. Aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	1+ss	2+ss
2001	10	7088	0,03	0,71	0,21	0,30	0,01		
2002	10	4948	1,37	1,23	0,26	0,71		0,04	
2003	10	4238	5,69	4,79	0,61	0,12		0,35	0,07
2004	8	3140	4,75	3,76	2,23	0,51			
2005	8	3480	3,71	2,84	0,83	0,06			
2006	8	2910	1,10	5,29	0,58				
2007	8	1891	12,48	6,40	3,38				
2008	8	1291	20,29	8,75	1,16	0,08			
2009	8	1577	1,78	11,79	3,93		0,06		

Tafla 16: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Sæmundará 2001-2009. Aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+
2001	10	7088	2,13	0,04	0,11	0,06
2002	10	4948	2,91	0,10	0,08	0,04
2003	10	4238	0,92	0,07	0,05	
2004	8	3140	1,31			
2005	8	3480	1,98	0,03		
2006	8	2910	2,27			
2007	8	1891	1,48		0,11	
2008	8	1291	2,56	0,15		
2009	8	1577	1,27	0,06		

Tafla 17: Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Sæmundará 2001-2009. Aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+
2001	10	7088	1,06	0,90	0,07	0,04
2002	10	4948	1,11	1,21	0,18	0,06
2003	10	4238	5,00	1,49	0,57	0,07
2004	8	3140	1,56	0,35	1,27	0,32
2005	8	3480	9,37	0,89	0,40	0,03
2006	8	2910	5,57	2,27	0,27	0,07
2007	8	1891	19,51	3,28	0,58	0,11
2008	8	1291	17,89	1,63	0,15	
2009	8	1577	13,82	2,35	0,44	

Tafla 18: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga laxaseiða í Sæmundará í rafveiðum 2001-2009.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+/1+ss*			2+ss		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	3,20	0,14	2	7,67	0,51	50	8,92	0,77	15	11,12	0,44	21	14,80		1			
2002	3,94	0,41	68	7,40	0,55	61	9,02	1,20	13	11,83	0,63	35	9,20*	1,27	2			
2003	4,94	0,41	241	8,16	0,62	204	10,99	1,31	25	12,82	0,89	5	10,32*	0,82	15	11,77	0,46	3
2004	4,97	0,58	149	8,85	0,77	118	11,04	0,80	70	13,37	0,76	16						
2005	3,95	0,24	129	7,99	0,63	99	11,37	0,78	29	12,60	0,14	2						
2006	3,45	0,19	32	7,09	0,59	154	10,93	0,97	17									
2007	4,29	0,33	236	7,59	0,57	121	11,12	0,89	64									
2008	4,57	0,44	262	7,79	0,57	113	10,75	0,99	15	11,90		1						
2009	4,63	0,41	28	7,63	0,71	186	11,04	0,90	62				16,8		1			

Tafla 19: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga laxaseiða í Sæmundará í rafveiðum 2001-2009.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+/1+ss*			2+ss		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001				4,97	1,01	50	8,13	2,43	15	15,43	2,11	21	40,40		1			
2002	0,73	0,13	36	4,42	0,99	61	8,55	4,10	13	20,07	3,83	35	9,05*		2			
2003	1,37	0,39	122	6,36	1,50	191	16,90	5,91	22	22,15	2,80	4	13,05*	3,57	15	22,30	4,91	3
2004	1,31	0,43	149	7,39	1,99	118	14,28	3,52	70	26,52	5,90	16						
2005	0,73	0,17	103	5,87	1,39	99	17,23	4,17	29	23,55	2,19	2						
2006	0,45	0,08	32	3,95	0,99	154	15,30	4,53	17									
2007	0,85	0,22	236	4,90	1,11	121	15,97	3,76	64									
2008	1,06	0,30	262	5,31	1,28	113	14,27	3,94	15	20,30		1						
2009	1,04	0,26	28	4,64	1,35	186	14,82	4,03	62				47,4		1			

Tafla 22: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga bleikjuseiða í Sæmundará í rafveiðum 2001-2009.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	1,53	0,47	13	5,47	0,58	3	10,99	1,97	8	20,00	5,38	4			
2002	1,36	1,29	122	4,84	2,61	5	9,47	1,50	3	17,00		2			
2003	1,70	0,56	29	6,27	3,95	3	15,55		2						
2004	1,30	0,50	41												
2005	0,97	0,30	60	6,00		1									
2006	0,92	0,34	66												
2007	1,33	0,47	28				12,45	5,16	2						
2008	1,16	0,48	33	6,20	1,70	2									
2009	1,25	0,33	20	11,20		1									

Tafla 23: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir bleikjuseiði sem veiddust í Sæmundará 2001-2009 eftir aldri seiðanna.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	0,97	0,24	13	0,93	0,05	3	0,93	0,12	8	1,00	0,03	4			
2002	0,97	0,15	122	0,94	0,08	5	1,01		2	1,06		2			
2003	1,07	0,19	29	0,90	0,13	3	1,11		2						
2004	0,86	0,13	41												
2005	1,00	0,17	60	0,94		1									
2006	0,94	0,10	66												
2007	0,95	0,07	28				0,96	0,07	2						
2008	0,92	0,08	33	0,93	0,03	2									
2009	0,90	0,07	20	0,91		1									

Árin 2001-2003 var aðeins hluti 0+ seiða vigtaður, stundum aðeins þau stærstu og því eru þyngd og ástandsstuðlar 0+ seiða ekki sambærileg

Tafla 24: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga urriðaseiða í Sæmundará í rafveiðum 2001-2009.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	3,90	0,34	75	8,51	0,69	64	11,48	1,18	5	14,37	0,91	3			
2002	4,61	0,41	55	8,68	0,70	60	12,40	0,84	9	13,27	0,59	3			
2003	5,96	0,59	212	9,09	0,79	63	11,38	0,78	24	14,63	0,32	3			
2004	5,93	0,44	49	10,05	0,27	11	11,62	0,80	40	14,54	1,61	10			
2005	4,54	0,40	326	9,05	0,54	31	10,31	0,45	14	15,50		1			
2006	4,14	0,36	162	8,48	0,80	66	10,48	0,90	8	14,00	0,71	2			
2007	4,99	0,48	369	8,86	0,87	62	11,81	0,90	11	16,15	1,77	2			
2008	5,06	0,47	231	9,37	0,99	21	12,30	0,42	2						
2009	4,81	0,55	218	9,20	0,70	37	10,90	0,25	7						

Tafla 25: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga urriðaseiða í Sæmundará í rafveiðum 2001-2009.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001				6,93	1,78	64	18,40	4,73	5	34,90	8,85	3			
2002	1,11	0,31	50	7,72	1,93	60	21,60	3,43	9	26,57	4,25	3			
2003	2,74	0,82	151	9,44	2,67	56	18,11	4,96	17	38,67	4,60	3			
2004	2,37	0,61	49	11,56	1,74	11	18,33	4,59	40	35,57	12,52	10			
2005	1,14	0,27	201	8,71	1,54	31	13,00	1,91	14	42,40		1			
2006	0,79	0,23	161	7,04	1,97	66	13,41	3,60	8	31,80	4,10	2			
2007	1,43	0,42	369	8,35	2,65	62	19,55	4,22	11	46,90	13,86	2			
2008	1,52	0,45	231	9,82	3,07	21	21,60	2,40	2						
2009	1,30	0,46	218	8,94	1,93	37	14,29	1,15	7						

Tafla 26: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir urriðaseiði sem veiddust í Sæmundará 2001-2009 eftir aldri seiðanna.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001				1,10	0,07	64	1,20	0,08	5	1,16	0,11	3			
2002	1,07	0,16	50	1,16	0,07	60	1,13	0,13	9	1,13	0,05	3			
2003	1,25	0,16	151	1,24	0,11	56	1,15	0,14	17	1,23	0,10	3			
2004	1,11	0,11	49	1,13	0,10	11	1,15	0,10	40	1,13	0,08	10			
2005	1,15	0,13	201	1,16	0,09	31	1,18	0,06	14	1,14		1			
2006	1,08	0,13	161	1,13	0,05	66	1,14	0,03	8	1,16	0,03	2			
2007	1,12	0,11	369	1,16	0,09	62	1,17	0,06	11	1,10	0,03	2			
2008	1,15	0,12	231	1,15	0,05	21	1,16	0,01	2						
2009	1,12	0,12	218	1,13	0,06	37	1,10	0,08	7						

Árin 2001-2003 var aðeins hluti 0+ seiða vigtaður, stundum aðeins þau stærstu og því eru þyngd og ástandsstuðlar 0+ seiða ekki sambærileg

Tafla 27: Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m² í Sæmundará eftir aldri árin 2001-2009.

Ár	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)							Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	1+ss	2+ss	
2001	0,01	3,7	1,9	5,1	0,5			11,3
2002	1,2	6,3	2,7	18,4		0,3		28,9
2003	8,8	34,6	3,1	1,8		11,1	4,2	63,6
2004	5,2	24,3	34,4	15,2				79,1
2005	2,2	16,2	14,6	1,4				34,4
2006	0,4	23,4	12,7					36,4
2007	12,0	29,1	53,5					94,6
2008	25,8	49,2	17,3	1,5				93,9
2009	2,0	56,1	59,0		2,8			120,0

Tafla 28: Vísitala lífþyngdar (gr) bleikjuseiða á hverjum 100m² í Sæmundará eftir aldri árin 2001-2009.

Ár	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)				Samtals
	0+	1+	2+	3+	
2001	2,5	0,2	1,1	1,0	4,8
2002	3,8	0,5	0,6	0,6	5,6
2003	1,7	0,3	0,7		2,7
2004	1,8				1,8
2005	1,7	0,1			1,8
2006	2,1				2,1
2007	2,3		1,4		3,8
2008	3,2	1,1			4,3
2009	1,5	0,6			2,1

Tafla 29: Vísitala lífþyngdar (gr) urriðaseiða á hverjum 100m² í Sæmundará eftir aldri árin 2001-2009.

Ár	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)				Samtals
	0+	1+	2+	3+	
2001	0,7	5,1	0,9	1,4	8,1
2002	1,3	9,8	3,6	1,4	16,2
2003	15,8	13,1	9,9	2,3	41,1
2004	3,2	3,5	22,4	9,4	38,5
2005	10,2	8,3	5,3	1,3	25,1
2006	4,7	18,0	3,6	1,8	28,1
2007	30,1	28,0	9,0	4,5	71,6
2008	29,5	16,3	3,1		48,9
2009	19,3	20,9	6,6		46,8

Árin 2001-2003 var aðeins hluti 0+ seiða vigtaður og engin seiði voru vigtuð á stöð 4 árið 2003. Til að reikna lífþyngd þarf að nota þyngd seiða og var hún reiknuð fyrir þessi seiði út frá formúlum fyrir samband lengdar og þyngdar seiða sem veiddust í Sæmundará haustið 2004.

Tafla 30: Fjöldi veiddra og slepptra laxa, urriða og bleikju ásamt afla í Sæmundará sumarið 2009.


	Lax	Bleikja	Urriði
Veiði	157	123	122
Sleppt	14	3	3
Afli	143	120	119

Tafla 31: Fjöldi veiddra laxa eftir kyni í Sæmundará 2009.





	Hængar	Hrygnur	Ókyngur.	Alls
Veiði	61	61	35	157
Sleppt	5	9	0	14
Afli	56	52	35	143

Tafla 32: Laxveiðin í Sæmundará 2009. Skipt eftir aldri í sjó og kyni. Skipting milli smálax og stórlax er við 3,5 kg hjá hrygnum en 4 kg hjá hængum (meðalp. = meðalþyngd í kg).


Ár í sjó	Hængar			Hrygnur			Ókyngur.			Samtals	
	Fjöldi	Meðalp.	%	Fjöldi	Meðalp.	%	Fjöldi	Meðalp.	%	Fjöldi	Meðalp.
1	42	2,6	33,6	49	2,3	39,2	34	2,4	27,2	125	2,4
2	8	6,2	47,1	8	5,5	47,1	1	3,5	5,9	17	5,7
Óvíst	11		73,3	4		26,7	0		0,0	15	
Alls	61	3,2	38,9	61	2,7	38,9	35	2,4	22,3	157	2,8







Mynd 1. Rafveiðistaðir í Sæmundará





Mynd 2a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Sæmundará haustið 2009.







Mynd 2b: Lengdar- og aldersdreifing veiddra laxaseiða í Sæmundará haustið 2009.








Mynd 3a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Sæmundará haustið 2009.






Mynd 3b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Sæmundará haustið 2009.




Mynd 4a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Sæmundará haustið 2009.




Mynd 4b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Sæmundará haustið 2009.




Mynd 5: Þyngdardreifing veiddra laxa, bleikju og urriða í Sæmundará sumarið 2009.



Mynd 6: Þyngdardreifing veiddra laxa í Sæmundará sumarið 2009 eftir kyni.



Mynd 7: Vikuleg lax-, bleikju- og urriðaveiði í Sæmundará árið 2009.



Veidimálastofnun

Keldnaholt, 112 Reykjavík

Sími 580-6300 Símbref 580-6301

www.veidimal.is veidimalastofnun@veidimal.is



Ásgarður, Hvanneyri
311 Borgarnes



Brekkugata 2
530 Hvammstangi



Sæmundargata 1
550 Sauðárkrúkur



Austurvegur 3-5
800 Selfoss